

Starfsmannastefna LSS

Ráðningar – hæfi starfsmanna

Markmið sjóðsins er að efla liðsheilid og starfsanda með því að ráða og halda hæfu og traustu starfsfólki. Sjóðurinn sækist eftir starfsfólki sem býr yfir hagnýtri þekkingu og reynslu, er jákvætt, faglegt og framsýnt og leitar ávallt bestu lausna. Stefnit er að því að hafa á að skipa þeim fjölda starfsmanna sem þarf til að sinna fjölbreyttum verkefnum sjóðsins. Sjóðurinn vill laða að sér vel menntaða og metnaðarfulla starfsmenn og bjóða þeim góða aðstöðu til að þroskast í starfi.

Móttaka og fræðsla nýrra starfsmanna

Þegar nýir starfsmenn hefja störf er mikilvægt að þeim finnist þeir velkomnir strax frá fyrsta degi og að þeir kynnist starfsumhverfi sínu sem allra fyrst.

Starfsþróun – endurmenntun

Til að tryggja að sjóðurinn sé á hverjum tíma sem best í stakk búinn að takast á við þau verkefni sem honum eru falin er lögð áhersla á markvissa fræðslu og þjálfun starfsmanna m.a. með símenntun og endurmenntun. Metin er fræðsluþörf fyrir hvern og einn starfsmann með þarfir og framtíðarsýn sjóðsins í huga. Slík þörf er metin árlega í framhaldi af starfsmannaviðtölum. Starfsmenn skulu leitast við að laga sig að breytilegum kröfum sem starfið gerir til þeirra og vera reiðubúinir að þjálfa sig til nýrra og breyttra verkefna. Starfsmönnum ber að viðhalda starfshæfni sinni og fylgjast með nýjungum og umbótum hver á sínu sviði.

Frammistöðumat

Starfsmenn eiga rétt á frammistöðumati einu sinni á ári. Tilgangurinn er að stuðla að velferð starfsmanna, gæðastjórnun og bættum starfsárangri sem og gagnkvæmri upplýsingamiðlun. Sett eru sameiginleg markmið svo sem um starfs- og símenntun.

Jafnvægi vinnu og einkalífs

Lögð er áhersla á að starfsmenn geti samræmt fjölskyldulíf sitt og atvinnu. Til þess að svo megi verða geta starfsmenn óskað eftir því við sinn yfirmann að vinnutími verði sveigður að þörfum starfsmannsins. Óskir um sveigjanlegan vinnutíma eru metnar með tilliti til viðkomandi starfs og þarfa sjóðsins. Lögð er áhersla á góða ástundun.

Starfsandi og starfsumhverfi

Lögð er áhersla á starfsánægju, góðan starfsanda og vellíðan starfsmanna. Hvatt er til uppbyggilegra og faglegra samskipta þar sem gagnkvæm virðing ríkir. Gengið er fram af hófsemi og fyrirhyggju og unnið samkvæmt bestu samvisku. Virðing, umburðarlyndi og jákvætt viðmót í samskiptum jafnt innan fyrirtækis sem utan er lykilli að ánægju starfsmanna.

Heilbrigði, heilsurækt og félagsstarf

Æskilegt er að starfsmenn leggi rækt við eigin heilsu og ástundi heilbriggt lífverni. Veittir eru líkamsræktarstyrkir til að stuðla að bættri líðan og heilsu starfsmanna.

Trúnaður

Starfsmenn sjóðsins skulu sinna starfi sínu af fagmennsku og heiðarleika. Þeir mega ekki taka að sér aukastörf sem geta á einhvern hátt rýrt trúnað þeirra í starfi hjá sjóðnum. Starfsmaður sem hyggst taka að sér aukavinnu skal upplýsa framkvæmdastjóra um ætlan sína, ef líklegt má telja að aukastarfið samrýmist ekki störfum hans hjá sjóðnum.

Jafnréttisstefna

Sjóðurinn fylgir lögum, reglum og samningum sem snerta jafnréttismál og gilda á hverjum tíma. Jafnræðis og hlutleysis er gætt við ráðningar og eru þær grundvallaðar af hæfni, menntun og reynslu. Konur og karlar eru metin á eigin forsendum, hafa jafna möguleika og sömu réttindi í starfi og til starfsframa. Það er markmið sjóðsins að allir starfsmenn njóti sömu virðingar og hafi jöfn tækifæri til launa, umbunar, starfsþjálfunar og aðstöðu. Einelti, fordómar og kynferðisleg áreitni er ekki liðin. Ábyrgð á jafnréttismálum er hjá stjórnendum og vinna þeir að því að jafnréttisstefnunni sé framfylgt og viðhaldið og leggja mat á hvort markmiðum hennar sé náð.

Samþykkt á stjórnarfundum Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitafélaganna þann 26. nóvember 2013